

**Nr. 043 / 14 Skúlaskeið****Vélarvana og dregið til hafnar**

Skipaskr.nr. 6581  
Smíðaður: Siglufirði 1959 Fura og eik  
Stærð: 9,2 brl. 13,4 bt.  
Mesta lengd: 11,72 m Skráð lengd: 11,27  
Breidd: 3,41 m Dýpt: 1,34 m  
Vél: Vetus 36 kW, 1985  
Fjöldi skipverja: 2  
Fjöldi farþega: 7



Skúlaskeið ©Fiskifrétir

**Gögn:**

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

**Atvikalýsing:**

Þann 11. maí 2014 var farþegabáturinn Skúlaskeið á siglingu með farþega vestur af Akurey. Veður: S 6 m/sek.

Á siglingunni varð báturinn vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Lóðsbáturinn Leynir dró bátinn til hafnar í Reykjavík.

**Við rannsókn kom fram:**

- að startarinn virkaði ekki þegar gangsetja átti vélina. Ekki var fullljóst hvað olli þessu en skipt var um startpung (reley) og þá virkaði startarinn vel. Startarinn hafði því ekki fengið straum;
- að rafgeymar voru nýlegir og rafall og startari voru ný yfirfarnir að sögn útgerðaraðila og skipstjóra;
- að þar sem báturinn var staddur á varasömu svæði var ákveðið að kalla strax eftir aðstoð.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.